

Fundur í Betadeild 6. október 2007

Haldinn í Háskólanum á Akureyri

Boðað hafði verið til fundar í Hótel Reyhlið í Mývatnssveit þar sem funda átti með Zeta-deild frá Austurlandi. Ekki varð af sameiginlegum fundi, þar sem veðurútlit var slæmt.

Í staðinn var fundur Betadeildar haldinn í HA, að þessu sinni fyrir hádegi, eða á þeim tíma er brottför til Mývatns hafði verið áætluð.

María setti fund.

Orð til umhugsunar. Anna Þóra las ljóðabréf eftir Hannes Pétursson úr samnefndri bók og fjallaði það um árstíðaskipti. Hún lagði út af ljóðinu og tengdi árstíðaskiptin við nýja byrjun í starfi kennarans.

María sagði fréttir frá nýrri landsambandsstjórn. M.a. kom fram að konur þyrftu að taka afstöðu til þess hvort þær vildu samþykkja myndbirtingar úr starfinu og birtingu félagatala á vefsíðu samtakanna. Einnig hefur sú hugmynd komið fram að fella niður vorþingin sem haldin hafa verið annað hvert ár. Þá yrði látið duga að halda landsambandsþing annað hvert ár, en reynt að leita leiða til að efla þátttöku félagskvenna. Betasystur á fundinum virtust jákvæðar fyrir þessu.

María dreifði því næst dagskrá Betadeildar 2007 – 2008. Hún lýsti eftir húsnaði fyrir fundi og ábendingum um áhugaverð þróunarverkefni í skólum, sem Betadeild ætlar að kynna sér í vetur.

María og Anna Þóra sögðu frá Evrópuþinginu, sem nokkrar Betasystur fóru á í sumar. Þær Anna Þóra sýndu líka myndir og lýstu atburðum.

María sagði frá Key-note fyrirlesurum og minntist helst konu sem vann hjá borgarstjóra og einbeitti sér að málefnum kvenna. Einnig sagði hún frá öðrum fyrirlesara sem talaði um þróunarverkefni og var hennar fyrirlestur mjög sláandi. Hún tók dæmi um þróunarhjálp sem ekki nýttist, t.d. þegar gefa átti indjámum ísskápa þó ekki væri rafmagn á svæðinu og Afríkubúum úthafsskip til vatnaveiða.

Þá nefndi María heimsókn í Háskóla í Austur-London og skoðunarferð um svæði þar sem Olympíuþorpið mun rísa fyrir leikana 2012. Hún sagði frá hvernig Bretar nýta sér komandi leika, þjálfa atvinnulausa til ýmissa verkefna.

Þá auglýsti María bókina sem DKG-samtökin gáfu út í tilefni 30 ára afmælisins svo og ofin bókamerki sem einnig voru gerð af sama tilefni.

Fleira ekki bókað og fundi slitið, en að því loknu fórum við á Greifann og borðuðum saman.

Selma Hauksdóttir
Jóhanna Þorsteinsdóttir